

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Góðgerðasjóðinn Fold.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Góðgerðasjóðurinn Fold. Sjóðurinn er stofnaður af Poseidon hf., kt. 711296-3369.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hvers konar viðurkennda líknarstarfsemi. Í því felst til dæmis fjárhagslegur stuðningur til einstaklinga sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu vegna ellihrörleika, veikinda, slyss eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Heimili sjóðsins er Grafarvogskirkja v/Fjörgyn, 112 Reykjavík. Varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Heildarstofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000 –tíumilljónir–, greitt af Poseidon hf.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa séra Vigfús Þór Árnason, kt. 060446-3509, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, Ólöf Laufey Sigurþórsdóttir, kt. 301058-5359 og Valgerður Gísladóttir, kt. 280244-2449. Varamaður í stjórn er Björgvin R. Kjartansson, kt. 270756-5499. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stefnt skal að því að í stjórninni eigi jafnan sæti starfandi sóknarprestur í Grafarvogskirkju á hverjum tíma. Þegar Vigfús Þór lætur af starfi sóknarprests í Grafarvogskirkju skal sá er tekur við sókninni taka sæti Vigfúsar Þórs í stjórn og þannig koll af kalli.

Þegar Ólöf Laufey lætur af stjórnarsetu skal einhver af lögerfingjum hennar taka við sæti hennar í stjórn.

Þegar Valgerður lætur af stjórnarsetu skulu aðrir stjórnarmenn velja mann í stjórn í hennar stað.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

6. gr.

Tekna aflar sjóðurinn m.a. með frjálsum framlögum og eru tekjur hans þá vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Sjóðurinn er ávaxtaður í Landsbanka Íslands hf. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal velja endurskoðendur sjóðsins. Stefnt skal að því að velja endurskoðendur sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur hefur verið ráðstafað á liðnu ári í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 2006.

F. h. r.

Bryndís Helgadóttir.

Fanneý Óskarsdóttir.